

**22. fundur Fræðslu-,menningar-,íþróttu-, æskulýðsnefnd haldinn Strandgötu  
38, 4. október 2018  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Eva Dögg Jóhannesdóttir (EDJ), Nancy Rut Helgaóttir (NRH), Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Elísabet Kjartansdóttir (EK), Sigurður Örn Leósson (SÖL) og Jenný Lára Magnadóttir (JLM).

**Fundargerð ritaði:** Eva Dögg Jóhannesdóttir, Formaður

**Dagskrá:**

**1. Fundur: Fræðslu-,menningar-,íþróttu-,æskulýðsnefnd - 1809044**

*Fundargerð lögð fram til kynningar.*

**2. Skólamálið: Falinn vandi skólaforðunar - 1809045**

*Lagt fram til kynningar*

**3. Skóladagatal: Tálknafjarðarskóla 2018-2019 - 1808030**

*Skóladagatal Tálknafjarðarskóla fyrir skólaárið 2018-2019 var þegar samþykkt af Fræðslu-, menningar-, íþróttu- og æskulýðsnefnd á vordögum 2018 og hafði þá einnig verið samþykkt af skólaráði. Skóladagatalið er því lagt fram til kynningar.*

**4. Upplýsingagjöf: Íþróttu og tómstundafulltrúa - 1809043**

*Íþróttu- og tómstundafulltrúi boðaði forföll en mun mæta á næsta fund nefndarinnar. Íþróttu- og tómstundafulltrúi boðaði forföll en mun mæta á næsta fund nefndarinnar.*

**5. Upplýsingagjöf: skólastjóra - 1808036**

*Skólastjóri upplýsti um ytra mat Menntamálastofnunar fyrir síðasta skólaár og er nú að vinna í þeim athugasemdum sem þar komu fram. Þessi vinna mun að líkindum klárast í vetur.*

*Skólinn var skráður í Skólapúlsinn í dag en það er mjög mikilvægt fyrir innra mat skólans sem fer einnig fram í vetur.*

*Notkun farsíma hefur truflað skólastarfið og verður kynnt ákvörðun á morgun um að banna notkun þeirra á skólatíma. Mun sú ákvörðun verða kynnt foreldrum í tölvupósti þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar verður útskýrð.*

*Stöð 2 kom í heimsókn í skólann og ræddi við nemendur og tók upp efni til að nota síðar í fréttum varðandi svæðið. Skólastjóri bendir á að upplýsingar og tilkynningar eru reglulega settar inná heimasíðu skólans [www.talknafjardarskoli.is](http://www.talknafjardarskoli.is) og bendir foreldrum á að líta reglulega þar inn.*

*Verið er að vinna í því hvaða valgreinar er hægt að bjóða uppá í skólanum.*

*Skólastarfið er ágætt að mestu leiti, margt er þó enn óljóst og stefnur hafa ekki verið fullmótaðar. Starfsfólk er gott og nemendur góðir svo það er full ástæða til að horfa bjart fram á veginn.*

**6. Trappa: - 1808034**

*Bjarnveig Guðbrandsdóttir, oddviti kom inn á fundinn til að kynna starfsemi Tröppu fyrir fundarmönnum og yfirgaf síðan fundinn.*

22. fundur  
31.10.2018

*Jóhann Örn Hreiðarsson gerði athugasemd við setu oddvita á fundi nefndarinnar.*

*Fræðslu-, menningar-, íþrótt- og æskulýðsnefnd tekur vel í samstarf við sérfræði- og ráðgjafajafþjónustu Tröppu enda yrði það ómetanlegur stuðningur við skólastarf Tálknafjarðarskóla. Nefndinni þykir þó rétt að minna á að nánanari upplýsingar vantar um aðgengi að sérkennslu- og sálfræðiþjónustu inn í framlögð gögn*

#### **7. Móttaka nemanda í hjólastól - 1810020**

*Þann 20.október n.k. mun nemandi hefja nám við Tálknafjarðarskóla sem fer leiða sinna í hjólastól. Nefndin beinir því til hreppsnefndar að skoða aðgengi skóla og íþróttamannvirkis með tilliti til þessa.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:40.**

---

Eva Dögg Jóhannesdóttir  
(EDJ)

---

Nancy Rut Helgadóttir (NRH)

---

Jóhann Örn Hreiðarsson  
(JÖH)